

Ályktun héraðsfundar Suðurprófastsdæmis 29. mars 2025

Til Kirkjuþings 2025

Á héraðsfundi Suðurprófastsdæmis sem haldinn var um síðustu helgi fór fram umræða um aukið lýðræði innan kirkjunnar og rýmkun kosningaréttar. Eftirfarandi ályktun var samþykkt samhljóða: „Héraðsfundur Suðurprófastsdæmis, haldinn í Vestmannaeyjum 29. mars 2025, fagnar fram komnum hugmyndum á Kirkjuþingi um aukið lýðræði innan kirkjunnar (34. mál Kirkjuþings 2024-2025). Fundurinn hvetur til þess að varlega verði farið í að rýmka kosningarétt við kjör til Kirkjuþings og kosningu biskups og bendir á að ekki sé sjálfgefið að jafn opnar reglur gildi um kjör biskups og fulltrúa á Kirkjuþingi. Fundurinn telur að betur þurfi að líta til þeirra áhættuþátta fyrir kirkjuna sem rýmkun kosningaréttar til Kirkjuþings gæti haft í för með sér og m.a. eru raktir í skýrslu um kosti og galla þess að rýmka ákvæði starfsreglna um kosningaréttinn (sbr. þskj. 34a).“

Ofangreind samþykkt er innlegg í fyrirhugaða umræðu um málið á komandi Kirkjuþingi.

Virðingarfyllst,

Óskar Hafsteinn Óskarsson prófastur Suðurprófastsdæmis